

Frekari svör við tilmælum dómsins hafa ekki borist.

Dómurinn lítur svo á að til þess að dómur verði lagður á mál þetta, verði stefnandi að leggja fram gögn um það hvaða vörur hafi verið pantaðar og með hvaða skilmálum. Stefnukrafa verður ekki byggð á reikningsyfirliti, dskj.nr. 3 einu sér eða undirreikningum þess gegn mótmælum stefnda. Dómurinn hefur skv. 114. gr. eml. 85/1936 i.f. gefið stefnanda kost á að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði sínum. Svar stefnanda, sem hér að ofan er rakið, þykir ekki fullnægjandi og þar sem hann hefur ekki lagt fram umbeðin gögn telst málið vera vanreifað af hans hálfu og verður því, skv. 116. gr. l. nr. 85/1936, að vísa því frá dómi ex officio.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 25.000,00.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari ásamt með-dómsmönnum Guðmundi Árnasyni forstjóra og Jóni Kristjánssyni kaupmanni. Uppsaga dómsins hefur dregist vegna forfalla meðdómanda.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, Nylon Hosiery Company Ltd., greiði stefnda, G. Bergmann hf., kr. 25.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 27. maí 1986.

Nr. 100/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Friðbert Páli Njálssyni

(Jóhann Þórðarson hdl.)

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. febrúar 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. f.m.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu að sakfella beri ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Þar sem ákærði olli áverkum Guðbjörns Ármannssonar í átökum sem Guðbjörn sjálfur átti upptök að þykir samkvæmt 3. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981 rétt að láta refsingu ákærða falla niður.

Ákærði krefst sýknu af skaðabótakröfu Guðbjörns Ármannssonar en til vara að lægri bætur verði dæmdar. Ríkissaksóknari krefst staðfestingar á bótaákvæði héraðsdóms.

Samkvæmt því sem að framan greinir þykir ákærði bótaskyldur gagnvart Guðbirni, en með hliðsjón af þætti Guðbjörns sjálfs í átökum þeim sem til áverkanna leiddu þykja bætur hæfilega ákveðnar 8.000,00 krónur ásamt vöxtum eins og greinir í dómsorði héraðsdóms, en vaxtaákvæði dómsins hefur eigi verið mótmælt sérstaklega.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Refsing ákærða, Friðberts Páls Njálssonar, fellur niður.

Ákærði greiði Guðbirni Ármannssyni 8.000,00 krónur ásamt vöxtum svo sem í héraðsdómi greinir.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. janúar 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 29. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 50/1985: Ákærvaldið gegn Friðbert Páli Njálssyni, sem tekið var til dóms á ný.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 30. október 1984, „á hendur

Friðbert Páli Njálssyni sölumanni, Tjarnargötu 10 B, Reykjavík, fæddum 10. desember 1940 í Minni-Hattardal, Súðavíkurhreppi, Ísafjarðarsýslu, fyrir að hafa 16. janúar 1983 veitt Guðbirni Ármannssyni, fæddum 12. júlí 1963, líkamsáverka við hesthús þeirra við Kaldárselsveg í Hafnarfirði (hús nr. 2400, götu 4760) með því að slá hann í andlitið með vasaljósi og/eða hnefa eftir að Guðbjörn hafði hindrað ákærða í að komast að rafmagnstöflu, sem var sameiginleg fyrir hesthúsið en staðsett í hluta Guðbjörns í húsinu. Áverkar Guðbjörns urðu þeir að hann bólgnaði og marðist og hlaut minni háttar skurð yfir vinstra kinnbeini og um 1½ cm langan skurð við neðri vör, sem sauma þurfti saman með 7 sporum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Kl. 19:30 sunnudaginn 16. janúar 1983 snéri Guðbjörn Ármannsson nemi, til heimilis Fannborg 7, Kópavogi, fæddur 12. júlí 1963, sér til rannsóknarlögreglunnar í Hafnarfirði og Kjósarsýslu og lagði fram kæru á ákærða fyrir líkamsárás. Kærandi skýrði svo frá, að líkamsárásin hefði átt sér stað „nú rétt áðan“ í hesthúsi við Kaldárselsveg. Hesthúsinu væri skipt í tvennt, væru eigendur fjórir og ákærði einn þeirra. Ákærði hefði „slegið sig í andlitið með vasaljósi með þeim afleiðingum að stykki hafi hoggist úr höku sér og annar áverki hafi komið á kinnbeinið vinstra megin.“ Kærandi hefði áður farið í reiðtúr og skilið eftir hesthús sitt lokað. Er kærandi kom aftur að hesthúsinu hefði ákærði komið til sín og sagt að rafmagnið væri farið af húsinu. Rafmagnstaflan væri sameiginleg og í húshluta kæranda. Ákærði hefði sagt að lekaliðinn væri sleginn út og vildi komast að til að láta liðann í samband aftur. Þar sem ekki hefði verið „mjög gott á milli þeirra“ að undanförunu hefði kærandi ekki ætlað „að hlaupa neitt til strax og láta lekaliðann í samband, hann hafi áður ætlað að ganga frá hesti sínum og síðan að athuga um liðann.“ Ákærði hefði þá farið að hurðinni og byrjað „að skakast í henni“. Kærandi hefði þá „farið að“ ákærða til að aftra því. Ákærði hefði ýtt sér frá og „þetta svo endað með tuski á milli þeirra.“ Síðan „hafi það engum togum skipt að Friðbert sló að mætta beint fram, vasaljósi sem hann var með í hendinni og það lent í andliti sér með fyrrgreindum afleiðingum.“ Eftir þetta hefði kærandi „tuskað litlilega“ við ákærða og síðan farið að kæra.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð frá slysadeild Borgarspítalans, dagsett 19. mars 1983, undirritað af Brynjólfi Mogensen, dr. med., um meidsli kæranda. Er það á þessa leið:

„Ungur maður að nafni Guðbjörn Ármannsson, f. 12/7 1963 kom á Slysadeild Borgarspítalans 16. janúar 1983 kl. 20:35 vegna áverka í andliti.

Kvaðst Guðbjörn hafa lent í rýskingum, var sleginn í andlitið með vasaljósi í hesthúsi.

Skoðun leiðir í ljós bólgu og mar yfir við kinnbeini svo og minni háttar skurður. Einnig Y-laga skurð fyrir neðan við neðri vör ca 1½ cm á lengd.

Meðferð. Sár sjúkl. voru hreinsuð, skurð á kinn þurfti ekki að sauma en tekinn saman með þar til gerðum plástri.

Skurðurinn fyrir neðan neðri vör var deyfður og saumaður með 7 sporum. Einnig fékk sjúkl. stífkrampasprautu.

Við endurkomu 24. janúar voru sár gróin, saumar teknir og sjúkl. útskrifaður.“

Kærandi upplýsti við dómsmeðferð málsins að hann hefði ekki verið frekar undir læknishendi en fram kæmi í vottorðinu og hann hefði orðið jafngóður í kinninni en ör væri á vörinni. Þá hefði hann misst 2-3 daga úr skóla.

Hinn 26. september 1983 sendi bæjarfógetinn í Hafnarfirði lögreglustjóraembættinu í Reykjavík málið og kom ákærði þar til yfirheyrslu hinn 18. október 1983. Ákærði skýrði þá svo frá að hann hefði verið staddur í hesthúsi sínu við Kaldárselsveg ásamt Davíð Guðmundssyni og Monique Jacqueline. Rafmagnið hefði farið af og ákærði því farið ásamt Davíð og Monique að hesthúsi Ármanns Jónssonar sem væri við hliðina á húsi ákærða þar sem rafmagnstafla fyrir bæði húsin væri þar. Sonur Ármanns hefði verið við hús hans. Ákærði hefði beðið hann leyfis til að setja rafmagnið aftur á. Sonurinn hefði neitað því og um leið hrundið sér frá dyrum hússins. Ákærði hefði tekist á við hann um stund og síðan gengið frá ásamt Davíð og Monique. Ákærði minntist hvorki þess að hafa verið með vasaljós né að hafa slegið soninn með vasaljósi í átökunum. Ákærði sagði að sonurinn hefði verið upphafsmaður átakanna. Ákærði kvaðst í átökunum hafa hlotið minni háttar skrámur og rispur en hann hefði ekki þurft að leita læknis. Ákærði kvaðst vilja taka fram að á þeim stað, sem átökin áttu sér stað, væri jörð hulin grófu hrauni.

Hinn 1. nóvember 1983 var vitnið Davíð Egill Frans Guðmundsson Hólabergi 36, Reykjavík, fæddur 28. apríl 1967, yfirheyrta af lögreglunni í Reykjavík. Vitnið skýrði svo frá, að rafmagnið hefði allt í einu farið af húsinu er það var statt í hesthúsi ákærða ásamt honum og Monique. Ákærði hefði þá farið út í hesthúsið við hliðina til að „setja inn öryggi.“ Ákærði hefði síðan komið aftur og beðið vitnið að kom með sér að hinu húsinu. Þeir hefðu hitt fyrir mann og ákærði beðið hann um að hleypa sér inn til að setja inn öryggið. Maðurinn hefði neitað. Ákærði hefði ítrekað að beiðni sína en hinn neitað á ný. Ákærði hefði gert sig líklegan til að ganga inn í húsið fram hjá mannum. Maðurinn hefði slegið ákærða í öxlina „svo að hann hrökklaðist til baka.“ Ákærði hefði slegið hann „til

baka sams konar högg.“ Maðurinn hefði síðan slegið ákærða í andlitið og ákærði slegið á mótí manninn í andlitið. Ákærði hefði haldið á vasaljósi í hendinni, sem hann sló með, en hann hefði þó ekki slegið með því. Þeir hefðu síðan tekist á litla stund og síðan hefðu þeir farið brott eftir að hafa bedið manninn ítrekað að setja inn öryggið. Vitnið kvaðst hafa séð „að báðir voru skrámaðir í andliti eftir slagsmálin.“

Vitnið Monique Jacqueline, Hæðargarði 14, Reykjavík, fædd 12. janúar 1949 í Frakklandi, bar við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík hinn 8. nóvember 1983 að ákærði, Davíð, hún sjálf og 4 ára sonur hennar hefðu verið stödd í hesthúsi ákærða er ljósin hefðu skyndilega slokknad. Ákærði hefði farið yfir í hesthúsið við hliðina og komið aftur eftir skamma stund og sagt að maðurinn í hinu húsinu hefði ekki viljað hleypa sér að sameiginlegri rafmagnstöflu. Ákærði hefði bedið þau að koma með sér og hefðu þau þrjú farið. Er þau komu að dyrunum hinu megin hefði staðið þar maður. Ákærði hefði gengið til hans og óskað eftir aðgangi að töflunni. Maðurinn hefði neitað og ýtt við ákærða og síðan ráðist á hann. Þar með hefðu átökin hafist. Ekki sá vitnið ákærða slá manninn í andlitið. Þeir hefðu velst um í snjónum. Sonur vitnisins hefði farið að gráta. Vitnið hefði því farið með hann aftur í hesthúsið. Átökin hefðu þá staðið yfir og vitnið ekki séð lok þeirra. Þar sem vitnið sá ekki andstæðing ákærða eftir átökin gat það ekki borið um, hvort hann var með áverka. Vitnið hefði ekki heldur séð áverka á ákærða. Er þetta gerðist var dimmt en vitnið hefði séð átökin allvel. Vitnið tók fram í lokin, að hesthúsljósin hefðu „alloft“ slokknad og taldi vitnið líklegt að það hefði gerst af mannavöldum.

Fram hefur verið lagt í málinu afrit af beiðni um innsetningargerð, dagsett 18. janúar 1983, frá Friðrik Sigurbjörnssyni héraðsdómslögmanni til bæjarfógetans í Hafnarfirði. Í henni er þess farið á leit að ákærða verði tryggður aðgangur að ádurgreindri raftöflu. Í beiðninni er m.a. vitnað í atvikið sem ákært er út af. Samkvæmt bókun Sig. Kr. Sigurðssonar, rannsóknarlögreglumanns í Reykjavík, hafði hann samband við Valgarð Sigurðsson, fulltrúa bæjarfógetans, hinn 20. október 1983. Fulltrúinn hefði upplýst að samkomulag hefði náðst á milli aðila um fyrirkomulag rafmagnstöflunnar og væri innsetningarmálið úr sögunni.

Lögreglustjóraembættið í Reykjavík sendi ríkissaksóknara málið hinn 6. desember 1983. 10. janúar 1984 fyrirskipaði hann Rannsóknarlögreglu ríkisins frekari rannsókn málsins.

17. janúar 1984 gaf kærandi skýrslu hjá Rannsóknarlögreglunni. Kærandi kvað það upphaf málsins að ákærði hefði komið til hans og sagt, að rafmagnið hefði slegið út og sagst þurfa að komast að töflunni sem þá var sameiginleg. Þar sem stirt hefði verið á milli þeirra hugðist kærandi „ekkert flýta sér“ við að sinna erindi ákærða. Kærandi hefði hugsað sér

að koma hestinum, sem hann hafði verið að brúka, fyrir fyrst. Ákærði hefði þá gengið að dyrum hesthússins þar sem taflan var og ætlað þar inn, en kærandi hefði meinað honum það. Við dyrnar hefði komið til „stimpinga á milli okkar og einhverra orðaskipta. Síðan skipti það engum togum að Friðbert slær mig í andlitið með vasaljósi, sem hann hélt á.“ Kærandi hefði snöggreiðst og ætlað að ganga að ákærða en piltur hefði gengið á milli. Á meðan á þessu stóð hefði hestur kæranda ráfað frá og hefði kærandi farið að sækja hann. Er kærandi kom aftur með hestinn hefðu þeir aftur farið „að hreyta ónotum og illyrðum hvor að öðrum og þá gekk hann að mér og sló mig með krepptum hnefa í andlitið.“ Kærandi hefði tekið utan um ákærða svo þeir lentu í fangbrögðum, sem enduðu á þann veg, „að við hrösuðum fram af smá snjóbing þannig að ég féll ofan á Friðbert.“ Pilturinn og kona hefðu komið að og gengið á milli.

Kærandi bar að hann hefði fengið áverka sinn er ákærði hefði slegið hann með vasaljósinu „enda brotnaði framhluti vasaljóssins við höggið.“ Ákærði hefði slegið sig í seinna sinnið með berum hnefa. Átökin hefðu farið fram þar sem jörð var hulin snjó en ekki þar sem jörð var hulin grófu hrauni. Hefði ákærði hlotið skrámur eða rispúr umrætt sinn, sem kærandi taldi næstum útilokað, hlyti það að hafa orðið í snjónum sem hefði þó verið frekar mjúkur. Ekki væri rétt hjá ákærða að kærandi hefði í upphafi ýtt ákærða því ákærði hefði ýtt fyrstur.

Vitnið Davíð Guðmundsson skýrði svo frá hjá Rannsóknarlögreglunni að degi hefði verið tekið að halla og orðið skuggsýnt en þó ekki komið myrkur. Ákærði hefði verið að gefa hestunum er rafmagnið hefði skyndilega farið af og myrkur hefði orðið inni. Ákærði hefði verið með vasaljós í hendi er hann hefði farið út að hesthúsinu við hliðina þar sem hin sameiginlega rafmagnstafla hefði verið. „Örskömmu seinna“ hefði ákærði komið aftur og beðið sig að vera vitni að þeirri framkomu mannsins við hitt hesthúsið að meina sér að hleypa rafmagninu aftur á. Er þeir tveir hefðu komið að hinu húsinu, hefði maður staðið fyrir utan opnar dyrnar og haldið í taum á hesti. Maðurinn hefði neitað ósk ákærða um að fara inn í hesthúsið. Ákærði hefði ætlað „að ryðjast inn um dyrnar.“ Maðurinn hefði meinað honum inngöngu með því að setja höndina fyrir dyraopið. Maðurinn hefði síðan ýtt ákærða frá með sömu hendi en alltaf haldið með hinni í tauminn. „Þegar maðurinn hafði ýtt Friðbert frá sló Friðbert hann fyrst í öxlina eða brjóstið, en síðan sló Friðbert manninn í andlitið með þeirri hendinni sem hann hélt á vasaljósinu í. Ég get ekki fullyrt um það hvort vasaljósið lenti í andliti mannsins eða ekki, ég sá það ekki svo glögg.“ Síðan hefðu þeir tekist á í fangbrögðum smátíma.

Að átökunum loknum hefðu ákærði og vitnið lokið við að gefa hestunum. Rafmagnið hefði þá ekki verið komið á. Ákærði hefði ekki notað vasa-

ljósið við gjöfina „vegna þess, að það hafði brotnað í átökunum ... ég sá að glerið í því var brotið.“

Vitnið kvaðst hafa séð að önnur augabrún ákærða var bólgin eftir átökin og að blætt hefði úr sprunginni vör mannsins. Snjór hefði verið yfir öllum átakastaðnum. Vitnið taldi að ákærði hefði verið búinn að slá manninn (Guðbjörn) í andlitið er vitnið Monique hefði komið út úr hestúsi ákærða skömmu eftir að þeir „byrjuðu að slást.“

Vitnið Monique hefur skýrt Rannsóknarlögreglunni svo frá að rafmagnið hefði farið skömmu eftir að þau 4 komu í hestús ákærða. Ákærði hefði farið að hinu húsinu að huga að sameiginlegri töflu. Ákærði hefði komið aftur að vörmu spori og beðið sig og Davíð að koma að hinu húsinu. Þar hefði verið fyrir maður „sem virtist meina Friðbert inngöngu að rafmagnstöflunni.“ Þeir hefðu átt einhver orðaskipti og síðan farið í „handalög-mál.“ Sonur vitnisins hefði orðið hræddur og farið að gráta. Vitnið hefði því farið með hann aftur í hús ákærða.

Vitnið Monique vissi ekki hvort ákærði var með vasaljós í höndunum er orðaskipti ákærða og kæranda hófust. Vitnið taldi að atburðurinn hefði átt sér stað um kl. 19:30. „allavega var orðið dimmt.“ Átökin hefðu byrjað með því að maðurinn „stjakaði við Friðbert“, eftir að ákærði óskaði inngöngu í húsið. Snjór hefði verið yfir öllu en að öðru leyti mundi vitnið ekki eftir hvernig yfirborð jarðvegsins var á átakastaðnum. Vitnið kvað það ekki rétt hjá vitninu Davíð að hún hefði komið út úr hestúsi ákærða skömmu eftir að byrjað var að slást þótt vera kynni að hún hefði komið „örlítid á eftir“ þar sem hún var með son sinn. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð ákærða slá manninn í andlitið og hvorki áverka á ákærða né kæranda. Er vitninu var sýnd mynd af kæranda, sem tekin var eftir átökin, kvaðst það ekki geta gert sér í hugarlund hvernig áverkar kæranda væru til komnir. Vitnið kvaðst engan hest hafa séð við hestús kæranda þrátt fyrir framburð vitnisins Davíðs um að kærandi hefði verið með hest í taumi. Aðspurt um athafnir ákærða eftir átökin kvaðst vitnið ekki vita um þær með vissu en hélt að ákærði og Davíð hefðu lokið gjöfinni, „en allavega sat ég inni í hestúsi Friðberts með drengnum mínum.“

Ákærði hefur skýrt Rannsóknarlögreglunni svo frá að hann hefði farið út er rafmagnið sloknaði allt í einu. Ákærði hefði hitt fyrir kæranda sem hefði staðið í dyrunum á hinu húsinu, að því er ákærða minnti. Kærandi hefði sagt „nei kallinn þú ferð ekki hér inn“ og stjakað við ákærða. „Við tókumst þá á í fangbrögðum og ég hrakti Guðbjörn á undan mér að gerði sem þarna var, en það var samansett úr spírum svo sem notaðar eru við skreiðarhjalla. Þegar við komum að gerðinu lenti efri hlutinn af rassi Guðbjörns á efstu spírinni og við það brast hún. Við ultum svo þarna um

koll en eftir þessa byltu, sem varð nokkrar veltur, stóðum við upp og þar með lauk þessu handalögmáli.“

Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa verið með vasaljós í höndunum og enn síður að hafa beitt því í átökunum. Um misminni hlyti að vera hjá vitninu Davíð. Ekki væri heldur rétt hjá vitninu að kærandi hefði haldið í hest er átökin hófust. Vel kunni að vera að hestur hafi verið þarna en kærandi hefði ekki haldið í hann. Kærandi hefði verið inni í hesthúsinu með töflunni og „hann sennilega slegið út rafmagninu.“ Ákærði áleit að kærandi hefði fengið áverka sína „þá er við veltumst á jörðinni en þarna var litilsháttar snjór og víða stóðu upp úr grjótnibbur svo og voru þarna spýtur með nöglum og alls konar drasl annað.“

Eftir birtingu ákæru málsins í dómnum kvaðst ákærði mótmæla sakargiftum í ákæru og kvað kæranda hafa verið upphafsmann átaka þeirra og stimpinga. Ákærði neitaði því, að áverkar kæranda væru af sínum völdum, hann hefði hvorki slegið kæranda með hnefum né vasaljósi. Þeir hefðu í stimpingunum oltið fram af allstóru bardí og fyrir neðan það hefði verið spýtnarusl, stórgrýti og fleira. Ákærði hefði átt mjög í vök að verjast, því kærandi væri stórvaxinn, og eftir því sterkur. Málavextir hefðu verið þeir, sem hann hefði greint frá við rannsókn málsins. Tveir mælar hefðu verið á rafmagnstöflunni, annar sem sýndi orkunotkun ákærða og hinn notkun föður kæranda. Taflan væri við annan endann á gangi í hesthúsi Ármanns og inngöngudyr í hinum endanum. Um það leyti, sem ákærði hefði verið að ljúka gegningum, hefðu ljósin slokknad í hesthúsi ákærða. Ákærði hefði því farið að útidyrum Ármanns. Hurðin hefði verið opin og ákærði farið inn. Kærandi hefði komið inn um hliðardyr og sagt að ákærði hefði ekkert þarna að gera og gert sig líklegan til að leggja hendur á ákærða. Ákærði hefði þá sótt vitnin Davíð og Monique til vættis um að honum væri meinaður aðgangur að töflunni. Er ákærði kom aftur hefði kærandi verið kominn í dyragættina. Til stimpinga og tusks hefði komið, en högg hefðu ekki gengið á milli þeirra. Kærandi hefði ítrekað fyrir átökin að ákærði færi ekkert inn og ýtti eða hratt ákærða frá dyrunum. Átökunum hefði lyktað með því að þeir ultu fram af moldarbardí og þar nokkrar veltur yfir drasl sem þar var. Engin lýsing væri utanhúss á svæðinu.

Í dómnum upplýsti kærandi að ákærði ætti helming hesthússins, en hann sjálfur, faðir hans og bróðir hinn helminginn. Þeir fjórir hefðu keypt hesthúsið fyrir nokkrum árum af dánarbúi. Samkomulag hefði verið með besta móti fyrsta árið en síðan hefði allur vinskapur versnað. Tilefnið hefði verið ósamkomulag um framkvæmdir sem nauðsynlegar þóttu. Ákærði hefði viljað haga framkvæmdum með öðrum hætti en hinir eigendurnir. Komið hefði til illinda og málaferla fyrir fógætarétti. Ekki hefði fyrr komið

til handalögmála, en til „skítkasts.“ Kærandi hefði aldrei hótað líkamlegu ofbeldi og minntist þess ekki að ákærði hefði hótað sér slíku. Kærandi hefði umrætt sinn verið að koma úr reiðtúr er hann varð var við ákærða við hesthúsdyr sínar sem hefðu verið læstar. Ákærði hefði haft á orði að hann vildi komast inn að rafmagnstöflu. Vegna fyrri væringa hugðist vitnið ekkert flýta sér heldur koma hestinum fyrst inn. Ákærði hefði þá tekið í hurðina og hrist hana til. Kærandi hefði ýtt ákærða frá og þá hefði ákærði slegið kæranda með vasaljósinu í andlitið. Kærandi hefði reiðst og ætlað að taka eitthvað í ákærða en piltur, sem var með ákærða, hefði gengið á milli. Á meðan á þessu stóð hefði nestur kæranda ráfað frá nokkurn spöl og hefði kærandi sótt hann. Ákærði hefði elt vitnið og slegið með krepptum hnefa eftir að heitingar höfðu gengið á milli þeirra. Hefðu þeir síðan tekist á í fangbrögðum og oltið fram af planinu sem rutt hefði verið fyrir framan hesthúsið og niður halla sem þarna er. Taldi kærandi að þeir hefðu aðeins oltið einn hring. Grjótmulningur hefði verið í kanti plansins og eitthvað af stökum steinum í sjálfum hallanum. Hefðu þeir aðeins lent í snjó. Kærandi hefði ekki orðið var við spýtnabrák í kantinum. Taldi kærandi útilokað, að hann hefði meiðst í veltunni, nokkurn veginn væri öruggt að hann hefði fengið meiðslin við höggið sem hann fékk með vasaljósinu. Eftir það högg hefði kærandi fundið blóðbragð svo og að blóð rann í trefil hans. Kærandi taldi að átökin hefðu staðið yfir í um 2-3 mínútur og að ákærði hefði ekki vikið sér frá eftir að samskiptin byrjuðu og síðan komið aftur, enda hefði kærandi ekki verið búinn að taka af hestinum eða opna húsið. Kærandi taldi að pilturinn — vitnið Davíð — hefði séð alla atburðarásina, en konan — vitnið Monique — hefði komið „eftir að þeir ultu yfir eða niður urðina.“

Við samprófun á kæranda og ákærða hélt ákærði fast við, að hesthúsið hefði verið ólæst og hann verið kominn inn í ganginn þar sem rafmagns-taflan var er kærandi hefði komið inn um hliðardyr inn í ganginn. Kærandi hélt við það, að þeir hefðu hist utan dyra og að húsið hefði verið læst. Ákærði kvað það staðlausu stafi að vitnið hefði verið með hest, og kærandi hélt við sitt. Kærandi hélt fast við að samskipti þeirra hefðu verið órofin, en ákærði hélt því fram að hann hefði vikið sér frá til að sækja piltinn og konuna. Enn mótmælti ákærði því að hafa verið með vasaljós í hendi, hvað þá að hann hefði slegið ákærða með því. Vitnið hvikaði ekki frá því og hélt einnig við framburð um hnefahögg sem ákærði mótmælti sem fyrr. Loks hélt ákærði við þá fullyrðingu að þeir hefðu oltið nokkra hringi fram af ruðningnum og niður brekkuna alla, enda væri hún brött. Kærandi kvað sem fyrr veltuna hafa verið eina.

Vitnið Monique Jacqueline spítalastarfsstúlka, þá til heimilis að Tjarnargötu 10 B, hefur borið í dóminum að ákærði hafi farið aleinn yfir í hitt

hesthúsið til að athuga hverju það sætti að ljósin slokknuðu. Ákærði hefði komið aftur og beðið sig og Davíð að koma með sér. Davíð hefði farið með ákærða og vitnið farið á eftir þeim með barnið, son ákærða og vitnisins. Er vitnið hefði komið að hinu hesthúsinu hefði kærandi staðið rétt fyrir innan dyrnar, en ákærði rétt fyrir utan. Vitnið hefði engan hest séð. Ákærði og kærandi hefðu talað nokkuð reiðilega saman og hefði vitninu skilist að ákærði vildi fá að sjá rafmagnstöfluna. Kærandi hefði þá slegið í aðra öxlinu á ákærða með hnefanum. Þeir síðan rokið saman, fallið um koll og loks oltið 2-3 veltur niður halla. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð ákærða með vasaljós, hvorki fyrir stimpingarnar né á meðan á þeim stóð og reyndar ekki heldur eftir þær. Ákærði hefði haft stórt ljósker með rafhlöðu í hesthúsinu. Vitnið kvaðst hvorki hafa séð ákærða slá kæranda með hnefunum né kæranda slá ákærða í höfuðið, heldur aðeins í öxlinu. Nokkur snjórfur hefði verið, en þó hefðu verið þarna steinar sem ekki voru þaktir snjó.

Vitnið Davíð Egill Frans Guðmundsson kvaðst í dóminum hinn 26. mars sl. ekki muna nema óljóst eftir málavöxtum en hann hefði skýrt satt og rétt frá málavöxtum hjá lögreglunni, „einkum þó í fyrri skýrslunni.“ Vitnið gæti ekki munað hvort þarna hefði verið hestur eður ei og vitnið myndi ekki hvort ákærði hefði slegið kæranda með vasaljósi, en ákærði hefði slegið hann í andlitnið eftir að átök byrjuðu. Þau hefðu hafist út af því að maðurinn vildi ekki hleypa ákærða að töflunni. Kærandi og ákærði hefðu oltið um og í gegnum girðingu og niður halla, þar sem stórgrýtt hefði verið. Vitnið hefði reynt að grípa inn í og halda í manninn, en séð fram á að hann gæti eigi haldið svo stórum manni og því sleppt kæranda. Ákærði og kærandi hefðu þá „rokið saman aftur.“ Í lokin staðfesti vitnið framburð sinn hjá lögreglunni í Reykjavík, en taldi framburðinn hjá Rannsóknarlögreglunni ekki vera fyllilega réttan. Vitnið kannaðist ekki við að hafa séð neinn hest. Snjóförl hefði að vísu verið yfir öllu en stærstu steinar hefðu staðið upp úr. Ofmælt væri, að ákærði hefði ætlað að ryðjast inn, hann hefði aðeins ætlað að komast að töflunni. Byggingafræmdir hefðu staðið yfir og spýtnabrák hefði verið í kantinum á planinu, sem búið hefði verið að ryðja.

Dómari málsins skoðaði vettvang ásamt verjanda ákærða, ákærða og kæranda. Ákærði og kærandi voru þá sammála um að kanturinn eða brúnin á planinu væri að hæðinni til eins og er atburðurinn átti sér stað, en ósammála um hvar þeir ultu fram af. Kærandi taldi að það hefði verið þar sem kanturinn væri lægri en ákærði þar sem hann væri hærri og nær húsinu.

Atvik máls þessa eru ekki eins ljós og skyldi þrátt fyrir þrjár rannsóknarhrinur. Mikið ósamræmi er í framburðum kæranda og ákærða, framburður Davíðs reikull um sum atriðin og framburður Monique, barnsmóður

ákærða, nær skammt. Þá ber að athuga að vitnin tvö eru í fylgd með ákærða.

Þegar það er virt að kærandi snéri sér umsvifalaust til rannsóknarlögreglunnar í Hafnarfirði og var þá skaddaður á andliti og ákærði hefur viðurkennt að hafa lent í átökum við kæranda, er sannað að kærandi hlaut þá áverka, sem í ákæru og framlögðu læknisvottorði greinir, í samskiptum við ákærða, enda hefur ákærði aldrei borið bríður á það.

Einnig er sannað með samhljóða framburðum kæranda, ákærða og vitna, að upptök átakanna megi rekja til þess að kærandi meinaði ákærða aðgang að sameiginlegri rafmagnstöflu. Virðist augljóst að gagnkvæm óvild hefur ráðið því. Þetta atferli kæranda er réttarbrot gegn ákærða.

Kærandi hefur haldið því fram að ákærði hafi slegið sig fyrst með vasaljósi og síðan með hnefanum, og að hann hafi hlotið áverkann við fyrra höggið. Ákærði hefur alfarið neitað að hafa slegið kæranda. Monique hefur borið að hún hafi alls ekki séð ákærða slá kæranda, en jafnframt að hún hafi ekki séð öll þeirra samskipti. Davíð bar bæði hjá lögreglunni í Reykjavík, Rannsóknarlögreglu ríkisins og í dóminum að ákærði hefði slegið kæranda hnefahögg. Hjá báðum lögregluembættunum bar vitnið að ákærði hefði haldið á vasaljósi í hendinni sem hann beitti, en gat ekki sagt um, hvort ljósið lenti í andliti kæranda. Með vísan til meginreglu 108. gr. laga nr. 74/1974 er ekki sannað að ákærði hafi beitt ljósinu gegn kæranda. Hins vegar er sannað með framburði kæranda og Davíðs að ákærði hafi slegið kæranda hnefahögg, svo að hann hlaut áverka af. Ekki er þó unnt að útiloka vegna atburðarásarinnar sem á eftir fór og aðstæðna á vettvangi að kærandi hafi einnig skaddast við átökin á eftir. Breytir það því þó ekki, að ákærði hefur unnið til refsíabyrgðar samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, bæði með hnefahögginu og átökunum sem á eftir fóru.

Sakavottorð ákærða er á þessa leið:

— — —

Með vísan til 3. mgr. 218. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, ákveðst refsing ákærða 12.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem aflánist með 10 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna.

Kærandi hefur krafist þess að ákærði greiði honum bætur, sem hér segir:

- | | |
|--|--------------|
| „1. Miskabætur, það er fyrir sársauka, | |
| óþægindi og lýti (er með ör) | kr. 10.000,- |
| 2. Læknishjálp | “ 50,- |
| 3. Akstur v/slysavarðstofu | “ 500,- |

4. Læknisvottorð	“	250,-
5. Þóknun lögmans	“	2.000,-
		<hr/>
	Alls	kr. 12.800,-

Þá er krafist dómvaxta frá 16. janúar 1983 til greiðsludags.“

Rétt þykir að taka til greina bóталиði 1, 2 og 3. Bóталиður 4 verður ekki tekinn til greina þar sem gögn málsins bera með sér að rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði hefur greitt vottorðið. Þar sem krafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli verður 5. liður ekki tekinn til greina. Tjón kæranda verður því metið á kr. 10.000,00 + 50,00 + 500,00 = 10.550,00 kr. Ákærði greiði honum þá upphæð ásamt dómvöxtum frá 16. janúar 1983 eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum.

Loks greiði ákærði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðbert Páll Njálsson, greiði 12.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 10 daga.

Ákærði greiði Guðbirni Ármannssyni, Fannborg 7, Kópavogi, 10.550 krónur með dómvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma frá 16. janúar 1983.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.